


Ferðamálaráð Íslands



Icelandic Tourist Board
Alþingi
Erindi nr. P 127/2321
komudagur 30. 7. 2002

Reykjavík 2. júlí 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, 439. mál.

Ferðamálaráð Íslands hefur verið og er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að innheimta þjónustugjöld fyrir skilgreinda þjónustu á umræddum svæðum enda sé gjaldinu varið til að byggja upp þjónustu á viðkomandi svæði.

Ferðamálaráð telur nauðsynlegt að tryggt sé að verið sé að ræða um þjónustugjöld fyrir skilgreinda þjónustu en ekki almennan aðgangseyri að svæðunum, sem þá í reynd væri innheimta nýs skatts.

Þá bendir Ferðamálaráð á að mikilvægt er að gera sér grein fyrir á hvaða svæðum slík innheimta sé raunhæf bæði hvað varðar að veita þjónustu til ferðamanna og einnig með vísan til þess að kostnaður við innheimtuna á vissum svæðum gæti orðið meiri en umrætt þjónustugjald.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands,